



## CÆSAR OG MYND HANS

(1911–1912)

*Undgengin spor dundu. — Skarphéðinn.*

### I.

Svetóníus lýsir svo Cæsar, að hann hafi verið hár vexti og sterklega limaður og fagurlega, svarteygur og snareygur, manna hörundsbjartastur og bezt að sér um alla hluti. Ef til vill hefði verið réttara að kalla augun dökkblá.

Cæsar var manna bezt vígur, syndur sem selur, hestamaður hinn mesti, skjótráður og öruggur og kunni ekki að þreytast. Á hergöngu var hann berhöfðaður jafnan eins og Grettir. Hvíld sína gat hann fengið fulla með því að leggjast á nakta jörðina.

Mælskumaður var Cæsar svo mikill, að enginn þeirra, sem þó framar öðru stunduðu málsnilld, þótti taka honum fram. Hann unni listum og vísindum og var einn af fremstu rithöfundum sinnar aldar. Manna ágjarnastur var hann til fjár og frama, en stórveitull eigi síður en stórfengur. Grimmur var hann óvinum sínum, þegar því var að skipta framan af ævinni, og þóttist að vonum mikinn rétt á sér eiga. En eftirtektarvert er, hvernig honum vex, fremur en flestum öðrum, mannúð með valdi og aldri, og að sáttgirni og fyrirgefningarsemi minnir hann á síðustu árum sínum jafnvel á Gunnar á Hlíðarenda og Krist. En flestum drottinlyndum mönnum fer öfugt með aldrinum. Þetta, sem ég nú tók fram, virðist mér hvorki Mommsen né Georg Brandes, sem vel hafa ritað um Cæsar, eða bezt, hafa séð eins og vera bar.

Skartsmaður var Cæsar mikill, og hinn hífylaprúðasti, en matmaður lítill og sparneytinn á vín. Matur er mannsins megin, segir máltækið, og nú kemur manni sú spurning, hvaðan kom orku Cæsars viðhald og næring; hann var afburðamaður að afli og allra manna fræknastur og afkastamestur á allt, hvort sem þurfti að beita höndum eða höfði. Mér hefir komið í hug það, sem undarlegt virðist, og erfitt að sanna, en mér hefir nú ekki getað hugsagt neitt betra í skýringaráttina. Ég hygg, að þar sem menn eru eins samvaldir, samæfðir, samfylgnir og einhuga drottinhollir, eins og hermenn Cæsars voru honum, þá styrkist hver af öðrum, svo að allir til samans geta orkað meiru, en þó að allt væri samanlagt, sem hver um sig orkaði, ef ekki hefði verið þessi höfðinginn, og samhugurinn svona mikill. En Mommsen hyggur, að aldrei muni uppi hafa verið æfðara herlið en Rómverjar Cæsars. Raunar þarf nú ekki svona mikið til; margir hafa veitt því eftirtekt, að aflraunir ganga mönnum betur í hóp samvaldra vina; það er nærri því eins og hver geti lánað afl hjá öðrum, og þó hver aukið öðrum afl; en þó þykir mér líklegt, að mest séu brögð að þessu, sé einhver öðrum miklu fremri til forustu. Ekki má halda, að hér sé verið að tæpa á neinni dulspeki; mér er heldur illa við það, sem svo nefnist, því það vill svo oft verða úr því dulheimska, en heimskan því hættulegri sem hún er duldari. En hér er efni, sem lífeðlis- og sálarfræðingar ættu að rannsaka meira en gert hefir verið, og kynni að geta orðið mönnum mikil hvöt til samlyndis og góðs félagsskapar. Og mikið mætti um þetta rita, en ég ætla ekki að hafa ritgerð þessa langa.

Ætt sína taldi Cæsar til ástagyðjunnar, og er því engin furða, þó að hann væri ástamaður hinn mesti. Svetóníus getur þess, að hann hafi lagzt með fjöldamörgum drottningum (plurimas reginas introiit, minnir mig standi þar), líklega í Gallíu og Germaníu flestum. Og sjálfsagt hafa, þó að ekki fari af því sögur, fleiri orðið til að auka kyn hans, heldur en Kleópatra Egyptalandsdrottning, frægasta kona sinnar aldar, og auðvitað grísk. Kom Kleópatra Cæsar til að gleyma nærri öllu fyrir ástar sakir. En þóttist síðan, eins og von var, af að hafa fætt þessum furðulega manni son. Sá hét Kaisaríon, og var mjög afbragð annarra manna og nærri því eins og Cæsar (eða Kæsar) endurborinn, en líklega enn þá fríðari sýnum og gullhærður eins og Kleópatra.

En þar fór illa, því að Ágústus keisari lét myrða Kaisaríon frænda sinn, og þykir mér ekki óhugsandi, að það niðingsverk hafi einhvern þátt átt í ógæfu þeirri, sem grúfði yfir ætt Ágústusar síðan.

## II.

Frægð Cæsars og ofmetnaður æsti til öfundar og haturs. Hann þóttist mjög umfram aðra menn og fór eigi dult með það. Líkt og Sturla Sighvatsson á Íslandi, sem löngu síðar vakti aðdáun lýðsins í Rómaborg, þó að ekki kæmi hann þangað til að hrósa sigri, því miður, ætlaði Cæsar sér meira hlut en öðrum í Rómaveldi. En þó sagði hann, er lýðurinn ávarpaði hann konungs nafni: Cæsar er ég, en ekki konungur. En óvíst er að vita nema honum hafi meðfram gengið dramb til orða þessara, enda hefir sagan orðið á hans máli, og meira þykir nú keisara nafn en konungs. En Cæsar þýðir annars Vígi eða Vígsterkur, og því skylt er kesja, nafnið á nokkurs konar spjóti, sem aðeins var mjög sterkra manna vopn, Þórólfs og Egils og slíkra.

## III.

Cæsar var vopnlaus, og uggði sér einskis ófriðar, þegar morðingjarnir réðust að honum, þessar mestu óheillaskepnur einhverjar, sem hafa haldið, eða reynt að telja sér trú um, að þeir væru að vinna landi sínu gagn. Cæsar varðist fyrst með ritli sínum (graphium minnir mig það sé nefnt), en gaf upp vörnina, er hann sá hnífana stefna á sig hvaðanæva, og Brútusar líka. Vafði hann þá skikkjuna að höfði sér, eins og síður var Rómverja, er þeir bjuggust við bana sínum. Tuttugu og þrem sár um særðu þeir hann. Aðeins við fyrsta lagið, er kom honum alveg á óvart, stundi hann. En síðan heyrðist ekki til hans fremur en í tré væri stungið.

Þannig varð Cæsar við dauða sínum. Honum varð ekki bilt, þó að dauðinn kæmi að honum í þeirri mynd, er hann bjóst sízt við. Ef til vill höfðu aldrei á jörðunni orðið meiri og sneggri



umskipti en á þeim Cæsar, sem stóð á tindi frægðar og drottinvalds, og þeim, er fann morðeggjarnar skera sundur lífæðar sínar. En stilling hans stóðst þessa raun. Hvíllik stálstilling. Og hvíllur vottur um hvað rómverskur aðall kunni vel að fara með líkama sinn, og hafði kunnað, um margar kynslóðir. Et nihil stricto æstquare ferro, að bregða sér ekki við beittar eggjar, segir Petróníus Arbíter sé það, sem mest sé undir komið. Og það má til sanns vegar færast, en ég ætla ekki að útlista um sinn, hvernig ég geri það.

Petróníus Arbíter virðist hafa verið jafnvel enn þá betur gerður en Cæsar, og manni kemur nærri í hug, hvort hann muni ekki hafa átt kyn sitt til hans að rekja í móðurætt. Áreiðanlegt er, að Petróníus ritar af meiri snilld en Cæsar og Hóratíus, og er þá langt til jafnað. En Petróníus naut sín ekki, af því að það var Neró, en ekki sjálfur hann, sem sat á keisarastóli, og hann varð, eins og síðar Othó keisari, félagi hans, að fyrirfara sér sjálfur. Hann gerði það, sem erfiðast var, að deyja, af meiri snilld en dæmi eru til. Tacitus sagnaritari hefir sagt frá, hvernig hann fór að því, en síðar höfundur skáldsögunnar Quo vadis? með nokkurum ýkjum og misskilningi.

#### IV.

Það þarf langan aðdraganda að manni eins og Cæsar var. Í framætt hans stefndi kynslóð eftir kynslóð, öld eftir öld, að sama takmarki, sem var gjörtaminn líkami, stálhörð karlmennska. Ættin verður aðalsætt, valdaætt og lið eftir lið erfist valdfýsnin og eykst, en líka hæfileikinn til að beita valdinu, valdfimin. Seinna kom viljinn til menntunar, í þeim skilningi, sem vér nú leggjum í orðið. Í þau 2000 ár, sem liðin er frá því Cæsar var á dögum, hefir sennilega enginn þjóðhöfðingi verið eins vel að sér eins og Cæsar, eða jafnmikill vísindavinur og bókmennta. Ágústus mun hafa komizt þar nálægt. Og undarlegt er, hvað þessir menn, og eins Tíberíus, leggja mikið kapp á að halda fram latínunni og reyna að varna því, að grískan verði yfirsterkari, og þótti þeim þó að sumu leyti vænna um grískuna og unnu Hómer varla minna en Alexander mikli. Og líklegt

virðist mér, að latínan sé betra mál, þegar öllu er á botninn lvolft, heldur en grískan. Hún er líkari íslenzkunni. Þó að ég kunní ekki svo mikið í grísku, að ég tali þar öðruvísi en af mestu varúð, þá verð ég að segja, að mér finnst stundum eins og einhver þýzkukeimur að grískunni, og er þó auðvitað synd að jafna henni saman við nokkurt af nýju málunum, þó að þýzkan muni þar vera einna skást. Að íslenzkan er forn­mál og telst ekki til nýju málanna, svo að meiri munur er á íslenzku og dönsku en á íslenzku og latínu, ef rétt er að gáð, ætti varla að þurfa að taka fram í íslenzku tímaríti.

## V.

Ég var einu sinni þeirrar trúar, að bók Cæsars um hernað hans í Gallíu mundi vera ein af allra leiðinlegustu bókunum, sem til væri. Það var um það bil, sem ég var að byrja að læra latínu. Ég man ekki eftir, að mér hafi þótt annað ófróðlegra þá, en þessi þrískipta Gallía. Og það var engin furða, því að það var flest annað, sem mér reið meira á að fræðast um, þegar ég var tólf og þrettán ára. Fyrir nokkrum árum, þegar ég sá, hver nauðsyn mér var á, vegna sumra rannsókna minna, að læra betur latínu, fór ég aftur að lesa *De bello gallico*, og þá allt ritið; og nú skildist mér vel, að ritið er bæði fróðlegt og skemmtilegt, þó að ekki sé Cæsar, og þá enginn Rómverji, og líklega heldur enginn grískur maður, sögusnillingur á við Snorra Sturluson. Útgáfan, sem ég las, var þýzk, gerð af frábærum lærdómi og vandvirkni, og hvorki skortir þar landsuppdrætti né aðrar myndir. Ég hefi stundum verið að óska þess, að slíkar útgáfur af Íslendingasögum væru til handa Þjóðverjum og öðrum. Og það má guð vita, hvort það er ekki mikið að kenna einurðarleysi íslenzkra fræðimanna, að þær eru ekki til. Þeir hafa ekki þorað að halda fram íslenzku til jafns við latínu og grísku, hvað þá meir. En sæju stórþjóðirnar sanneikann í þeim efnum, þá væri það Íslendingum til góðs á við gullnámu, svo að ég nefni nú það, sem flestum er hjartfólgnast, og nokkuð að vonum. Því að það er mikið satt í því, sem Petróníus Arbíter segir, þó að hann hafi nú víða lagzt dýpra:



Quisquis habet nummos, secura navigat aura  
Fortunamque suo temperat arbitrio.  
Allt fá þeir, sem auðinn hafa.  
Örlög skapast mjög af fé.

Hálfgaman hafði ég af því, að sumt veit ég betur en þessi lærði málfræðingur, sem gefið hefir út Cæsar. Þjóðverjar hafa mjög reynt sig á að þýða nafnið á Geirmannakonunginum, sem var einn af þeim fáu mönnum, er Cæsari óx í augu að fást við. Hann er í söguriti Cæsars nefndur Arióvistus, en auðvitað er nafnið rómverskað og konungurinn hét líklega Ari hábyrsti (hó? óf?), alls ekki Arnarhreiddur, eins og Þjóðverjar halda; þýzk mannanöfn voru ekki eins skopleg á Cæsars dögum, eins og þau eru nú sum.

Annað, sem þessi lærði Þjóðverji, sem ég er annars mjög þakklátur, veit ekki, er, hvað Gallía þýðir eða Gallar. Heldur ekki, hvað Gallar voru, auðvitað. En gall-ið í Gallía og þjóðarheitinu er líklega sama sem í arnarheitinu Gallópnir, og Gallus eða Gellir þýðir upphaflega örn, en ekki hani, líkt og hrafn, því að suður í Himinfjöllum (Himalaya) var hramn arnarheiti, og hrafnarnir hremma heldur ekki, en til að sjá voru þeir á fluginu líkir örnnum í augum einhvers, sem kom úr Arnarheimum, þangað sem meira var um hrafninn, sem ég nú annars ekki lasta; það eru nokkurs konar gyðingar í fuglaröð. En meira þykir mér til arnarins koma. Og merkilegt er, hvað þetta kyn, sem ætlaði sér forustuna hvar sem það kom, og alls ekki var eins langhöfðað eins og snillingurinn Andrés Hansen heldur, var fúst á að kenna sig við örn; Ara kölluðu þeir sig, eða Galla í Gallíu. Þessir Gallar, sem Cæsar er að berjast við, eru alls ekki sjálf meginþjóðin í landinu, heldur útlent höfðingjakyn, sem raunar var orðið fornt nokkuð þar í landi og hafði mjög spiltt máli forfeðra sinna. Einn af þessum höfðingjum hét Vercingetorix (Ver sun Gautreks, eða ver kyn Goðreks? Ég veit ekki, hvort þetta er rétt um þetta nafn; en það má oft sjá, að keltnesk orð og nöfn eru afbakanir úr norrænum eða erskum, „arískum“).

Vercingetorix var annar sá maður, sem að vaskleik og öðru atgjörvi lítið mun hafa staðið Cæsar að baki, og þar kemur það, sem dregur mjög úr aðdáun minni á Cæsar, ég er hræddur um að hann hafi níðzt á þessari glæsilegu hetju, miklu framar en

hann þurfti. En raunar er hér erfitt að dæma og óljós tíðindin af þessum atburðum, sem til vor eru komin. En ljótt er að sjá, í hálfdimmu sögunnar, þessar þúsundir á þúsundir ofan, sem deyja fyrir sverðseggjum í herförum Cæsars, eða öðrum verri dauða, úr hungri og drepsóttum; og þó var þetta einn af ógrimmustu herforingjunum, sem verið hafa, og líklega var það framför um hríð, að Cæsar skyldi leggja Gallíu undir Rómaveldi.



Í Rómaborg var það algengt, að fyrirfólk lét myndhöggvara gera eftir sér myndir, nærri því eins og menn nú láta ljósmynda sig og af svipuðum ástæðum. Einkum eru til margar myndir af keisurunum, og algengara var þetta síðar en á Cæsars dögum, frumkeisarans. En þó eru til ýmsar myndir af Cæsar. Yfirbragð hins mikla Cæsars, þess manns er líklega mest var í spunnið allra þeirra manna, er enn hafa uppi verið, hlýtur að hafa verið frábærlegra en þessar myndir sýna flestar. Hvorki gat ég í París né í Berlín séð neina mynd af Cæsar, sem mér þótti verulega trúleg. En í brezka safninu, sem er annars hvergi nærri eins auðugt að slíkum myndum og Louvresafnið, er til afbragðs marmaramynd af Cæsar, sem hlýtur að vera eftir einhvern afburðasnilling. Áhorfandanum verður dálítið líkt við að sjá þessa Cæsars mynd eins og mynd Thorvaldsens af Byron; með báðum myndunum hefir tekizt það, sem mun vera svo afar erfitt: að láta steininn lýsa óvanalegri sál. Á svipnum er hátignarró, ef til vill svolítið háðsleg; það má sjá, að þessi maður hefir ekki litið upp til neins, séð allt mannlegt fyrir neðan sig. Svipurinn er eins og mætti ímynda sér Júpíter, þar sem hann situr í háseti sínu og horfir yfir lönd og lýði, en þó hefi ég enga goðmynd séð jafn drottinlega og mynd Cæsars. Heilabúið er frábærlega rúmgott og höfuðkúpan fagurvaxin, og breikkar mjög fyrir aftan eyrun, sem eru svolítið mishátt á höfðinu. Ennið er ekki mjög breitt, nefið stórt, en vel vaxið, hakan hvorki löng né breið, og ólík mjög að gerð því, sem eftir enskum hugmyndum á að tákna þrek og orku. Hafa Englendingar mestu tröllatrú á breiðum hökum og dæma yfirleitt meir innra mann af andliti

en ef til vill nokkur önnur þjóð, en allur virtist mér sá fróðleikur nokkuð trénaður og kínverskukennndur eins og sumt fleira hjá Englendingum. Hálsinn á þessari mynd Cæsars er nokkuð vöðva- og æðaber, og ekki svo fagur sem mundi, ef listamaðurinn hefði ekki gert sér allt far um að vera nákvæmur, og varla er myndin af yngri manni en fimmtugum, eða Cæsar um það leyti, sem hann komst á hátind veldis síns. Langhöfði virðist Cæsar ekki hafa verið. Talsvert svipar þeim saman Cæsar og Octavianus Augustus frænda hans, og eru myndirnar af Octavianus þó stórum svipminni. Augustus hafði, að því er Svetóníus segir, verið lágur maður og ljóshærður.